# GJALDSKRÁ

**fyrir hirðingu, móttöku og eyðingu sorps í Dalabyggð.**

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar er heimilt, í samræmi við 7. gr. samþykktar nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð, að leggja á sérstakt gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps (sorpgjald) í Dalabyggð.

2. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar sorps er árlega sem hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| a) | Íbúðir í þéttbýli | kr. 26.300 |
| b) | Aukasorpílát í þéttbýli | kr. 13.150 |
| c) | Íbúðir í dreifbýli og frístundahús | kr. 11.300 |

Gjald þetta skal innheimta með fasteignagjöldum ár hvert.

3. gr.

Gjaldskrá söfnunarstöðvar í Búðardal er sem hér segir:

| Flokkur | kr./kg m.vsk |
|---|---|
| Pressanlegur úrgangur | 15,02 |
| Ópressanlegur úrgangur | 22,54 |
| Málað timbur eða plasthúðað | 22,54 |
| Óflokkaðir málmar | 3,77 |
| Blandaður pappír | 16,55 |
| Dagblöð og tímarit | 16,55 |
| Plastumbúðir, harðplast | 15,02 |
| Fatnaður | 15,02 |

| | $m^3$ | kr. m.vsk. |
|---|---|---|
| Móttökugjald fyrir einstaka farma | 0,25 | 790 |
| | 0,50 | 1.580 |
| | 0,75 | 2.370 |
| | 1,00 | 3.160 |

Gert er ráð fyrir að komið sé með flokkað sorp á söfnunarstöðina að öðrum kosti greiðist 20% álag á ofangreint verð.

Ekki er innheimt gjald af íbúum sem koma með tilfallandi úrgang frá heimilum sínum í hóflegu magni (< 3 $m^3$ í hvert skipti).

Atvinnurekstur skal ávallt greiða fyrir móttöku og flokkun söfnunarstöðinni.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 7. desember 2010 staðfestist hér með samkvæmt stoð í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 28/2001.

*Búðardal, 10. desember 2010.*

**Sveinn Pálsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 10. janúar 2011